

Á FOSSBRÚN

(Am Rande des Abgrundes)

Mér þótti vænt um að sjá að einn af frægustu stjórnmalá-
mönnum Evrópu, Dr. Benes, tekur nokkuð í sama streng og
fræðimaður, sem enga stjórnmalahæfileika hefir, um horf-
urnar fyrir mannkynið. Dr. Benes telur stórtíðinda von
þegar á næsta ári og að vísu illra, og hefði hann getað tekið
undir hið forna kyngiyrði „nú's ógrligt um at litask.“ En þar
sem hann hyggur — að því er fréttin hermir — að samningar
muni geta afstýrt vandræðum, þá mun því fjarri fara. Hér
þarf annars og meira við, ef voðinn á ekki að skella á. En
verði réttum ráðum beitt, þá munu stórtíðindin verða mjög
úr annarri átt en nú eru helst horfur á, og svo þykja sem
slíkir dagar séu að renna upp fyrir mannkyni jarðar vorrar,
sem aldrei hafa áður verið. Að kalla slíkt gullöld væri að
segja of lítið. Mannkynið mun sjá fram á, að allri fyrirstöðu
gegn því að góðu lífi sé lifað, verði úr vegi rutt. Fátækt og
hverskonar vesöld verður útrýmt, ráð verða fundin til þess
að mönnunum fari á skömmum tíma svo fram andlega og
líkamlega, að þeir verði hæfir til að skapa það mannfélag er
stefnir í rétta átt. En það er að menn þroskist áleiðis til að
vinna það mikla hlutverk sem bíður þeirra í alheimi, og að
aldrei engist nokkur til dauða í örvæntingu, eða sé svo í
nauðum staddur, að honum komi ekki hjálp. Augu manna
þurfa að opnast þannig, að þeir fjarlægist dýrið til muna
meir en orðið hefir ennþá. Þeir þurfa að skilja betur hina
undursamlegu möguleika tilverunnar sem við þeim blasa, og
öðlast orku og þekkingu til að gera þá að veruleika. Menn-
irnir þurfa að vita af frændum sínum á öðrum jarðstjörnum
og kynnast þeim, skilja að hugmyndir fornanna um guði
voru ekki á engu byggðar, þó að þær væru að vísu alltaf

ófullkomnar og að mörgu leyti rangar. Mannkynið þarf að þiggja þá byrjun, sem hér á Íslandi hefir verið gerð. Til þess að greiða fyrir því að svo gæti orðið, samdi ég ritgerð sem heitir „Über Wesen, Ursprung und Zukunft des Lebens“. (Um eðli, uppruna og framtíð lífsins) og kom í aprílhefti tímaritsins Ztschr. für Parapsychologie 1933. En til þess að slík ritgerð sé metin eins og nauðsyn er á, þarf aldaskipta-sannleikurinn að eignast betri vini en orðið er ennþá. Ef sannleikurinn ætti þá vini sem þarf, þá mætti gera kraftaverk, og það slík, sem enga trú hefir nokkru sinni dreymt um. Fáíð mér 10 000 menn sem ég get treyst, treyst til að meta sannleik meir en lygi og villu, og þá munu eigi einungis hverfa óveðursský þau sem svo ógurleg eru að líta, heldur mun sól hins nýja lífs rísa hér fyrst, og héðan, frá landinu sem kennt er við ís, streyma ljós það sem lýsir og vermir um alla jörð.

11. 11. '34.